

## Framboð til stjórnar Frjálsa Lífeyrissjóðsins 03.06. 2026

**Sigurgísli Ingimarsson**



**Menntun:** Háskólaprófi í Tannlækningum frá Háskóla Íslands árið 1985 og framhaldsnám í Munn-og kjálkaskurðlækningum í Sviss og Þýskalandi árin 1999 – 2003.

**Starf:** Rekstur eigin tannlæknastofu í Garðabæ frá árinu 1987.  
Aðstoðartannlæknir (Assistenz Zahnarzt/Arzt) við spítala í Sviss og Þýskalandi árin 1999 – 2003.

Ég býð mig fram til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins sem aðalmaður. Ég tel að bakgrunnur minn og fyrri reynsla í stjórnarstörfum Lífeyrissjóðs Tannlækna geti komið að góðum notum innan stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins, en ég sat í stjórn sjóðsins frá árinu 1992 og þar af sem formaður stjórnar frá árinu 2010 og þar til sjóðurinn var sameinaður Frjálsa Lífeyrissjóðnum núna á vordögum. Á þessum tíma hef ég aflað mér mikillar þekkingar og reynslu í stjórnarstörfum lífeyrissjóða. Vegna smæðar sjóðsins hafði ég ávallt að leiðarljósi að gæta ráðdeildar í rekstri sjóðsins, lágmarka rekstraráhættu og vanda val fjárfestingarkosta bæði hér heima og erlendis. Þannig náðist allan þennan tíma ásættanleg ávöxtun eigna sjóðfélaga og raðaði þessi litli sjóður sér oftast en ella í efstu sæti, í ávöxtunar samanburði við aðra lífeyrissjóði innan almenna lífeyriskerfisins. Sem dæmi um ráðdeild í rekstri sjóðsins lagði ég til við stjórn sjóðsins og fékk samþykkt að laun stjórnarmanna yrðu ekki hækkuð Covid árið 2020 vegna vegna bágra stöðu á mörkuðum það árið. Rekstri sjóðsins var nær alla tíð útvistað og var lengstum í rekstri Landsbréfa/Landsbanka Íslands. Á minni vakt voru gerðir 2 rekstrarsamningar við vörzluaðilann sem voru sjóðnum afar hagfelldir. Í því sambandi má geta þess að fyrir Lífeyrissjóð Tannlækna komu einvörðungu stjórnarmenn sem allir voru tannlæknar að þeirri vinnu án

aðstoðar lögfræðinga og viðskiptafræðinga. Þetta var gert til að halda kostnaði í lágmarki við þá vinnu en kom á engan hátt niður á niðurstöðu þeirra samninga. Þannig hef ég aflað mér mikillar reynslu í slíkri samningagerð. Það að sitja í stjórn Lífeyrissjóðs krefst reynslu, þekkingar, gagnrýnnar hugsunar og yfirlegu á þeim fjárfestingarkostum sem í boði eru. Allt þetta tel ég mig hafa aflað mér með fyrrverandi störfum mínum í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlækna. Það er oft sagt að lífeyrissjóðirnir séu dýrmætasta eign Íslendinga og undir það get ég sannarlega tekið. Rekstraumhverfi lífeyrissjóðanna verður æ flóknara og eftirlitskerfi hins opinbera reynir stöðugt að sækja að sjóðunum með nýjum reglugerðum með tilheyrandi álögum á sjóðina. Það er því mikilvægt að stjórnarmenn sjóðanna haldi hér vöku sinni og stigi niður fótum þegar of langt er gengið í þeim efnum.

Á síðasta ári varð ljóst að Lífeyrissjóður Tannlækna, vegna smæðar sinnar, yrði ekki rekinn áfram í óbreyttri mynd og gert að renna inn í stærri lífeyrissjóð. Eftir að hafa skoðað ýmsa valkosti var það samþykkt einróma í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlækna að slíta samtarfi við fyrri vörzlúaðila og ganga til viðræðna við Frjálsa Lífeyrissjóðinn. Þessi tillaga stjórnar hlaut síðan fullt brautargengi sjóðfélaga á aukaársfundi sjóðsins og eins og áður sagði þá gekk sá samruni í gegn núna á vormánuðum. Ég tel að þetta hafi verið mikið gæfuspor fyrir báða sjóðina.

Ég mun leggja áherzlu á að viðhalda góðri langtímaávöxtun sjóðsins með framsækinni en á sama tíma ábyrgri og varfærinni fjárfestingarstefnu. Einnig mun ég stuðla að nánd við og virkri upplýsingagjöf til sjóðfélaga líkt og aðalsmerki mitt var hjá Lífeyrissjóði Tannlækna.

Að ofan sögðu tel ég mig því eiga fullt erindi í stjórn Frjálsa Lífeyrissjóðsins þar sem ég mun sem fyrr gæta ýtrustu hagsmuna sjóðfélaganna af heilindum og fagmennsku.